

## **GARVAN - Reyk- og hitaskynjarar** **Fáanlegir samtengdir með þráðlausum sendibúnaði**

### **Lýsing:**

Auðveldir í uppsetningu

Innbyggður sendir og móttakari

Samtengjanlegir við allt að 20 skynjurum. Allir samtengjanlegir skynjarar gefa frá sér viðvörunarhljóð samtímis ef einn fer í gang.

### **Þar sem ekki skyldi setja upp reykskynjara:**

Í rými þar sem hiti fer undir 4°C eða yfir 38°C.

Í röku rými eða of nálægt baðherbergi þar sem raki og gufa geta sett skynjarana af stað.

Í rými þar sem engin loftræsting er.

Í bílskúr – útblástur bifreiða getur sett skynjara af stað.

Í rými þar sem mikill vindur eða gegnumtrekkur er.

Í rými sem er mjög rykugt eða skítugt.

### **Uppsetning:**

Merkið fyrir skrófu festingum í gegnum göt á festiplötunni. Ef bora þarf, td. í steinvegg, skal setja tappana í borgötin og festa þannig upp festiplötuna.

Fjórir rofar (2 x 2) eru á hverjum sendi (sökli, sjá mynd) til að stilla sendingar- og móttökutíðni, sem varnar því að önnur þráðlaus tæki geti truflað.

**Það eru bara 4 möguleikar fyrir senditíðni og sömu 4 fyrir móttöku. A:[00], B:[01], C:[10] og D:[11]**

**Þess vegna er öruggast að stilla alla skynjarana á sömu sendirás og móttökurás,**

**möguleikarnir á rofastillingum eru þá aðeins fjórir A:[00] [00], B:[01] [01], C:[10] [10] og D:[11] [11].**

### **Áríðandi:**

**Staða on/off rofanna verður að vera eins á öllum samtengdum skynjurum.**

Setjið 1x 9V rafhlöðu í rafhlöðuhólf.


Setjið 2x2 AA 1,5V rafhlöður í rafhlöðuhólf þráðlausa sendibúnaðarins.

Ganga verður úr skugga um að reyk- eða hitaskynjarinn sem þið kjósið að nota sé með réttar rafhlöður (prófið eins og lýst er síðar).

Setjið skynjarann á festiplötuna og læsið með því að snúa réttisælis.

Til að setja fleiri skynjara farið að eins og að ofan er greint. Fjarlægð milli skynjara má ekki vera meiri en 50 mtr.

Prófið virkni með því að ýta á prufuhnappinn framan á skynjaranum. Skynjarinn á að gefa frá sér hljóðmerki og setur hina skynjarana af stað.



### **Prófun:**

Mælt er með að skynjarinn skuli prófaður vikulega. Ýtið og haldið við prufuhnappinn og skynjarinn mun gefa frá sér hljóð í u.þ.b. 7 sekúndur. Eftir 5 +/- 2 sekúndur munu aðrir samtengdir skynjarar fara í gang og gefa frá sér hljóðmerki í 7 sek.

(Ath. til að hefjast handa við næstu prófun ætti að bíða í 45 sek.)

**Ath. Prófið hvern skynjara fyrir sig.**

### **Viðhald:**

Undirstaða skynjarans er með innbyggða flautu. Ef samfelld hljóðmerki heyrast gefur það til kynna að rafhlöður (4 x AA) í sendinum þarfnast endurnýjunar.

Ryksugið varlega ryk af skynjarum mánaðarlega. Prófið skynjarann eftir þá aðgerð.

Þegar rafhlaða er orðin veik gefur skynjarinn frá sér hljóð á mínútu fresti. Þetta getur staðið yfir í 7 daga en best er að skipta út rafhlöðum (9 V) strax.

## **9V DC Hitaskynjari – Garvan**

### **Lýsing**

**Garvan SS-163 og SS-163R** hitaskynjarar eru ætlaðir sem viðbót við reykskynjara og ættu aðeins að staðsetjast á þeim stöðum, þar sem ekki er hægt að nota reykskynjara.

Þeir vinna á 9V rafhlöðu (6LR61 eða 6F22), líftími rafhlöðu er um það bil 1 ár.

**SS-163/SS-163R** eru með 85desíbelna hljóðmerki, prufuhnapp og gaumljósi.

Hitaskynjarar eru tilvaldir fyrir eldhús, bílskúra, kjallara, hitaklefa, þakherbergi (háaloft) og önnur þau rými þar sem eru yfirleitt gufur, reykur eða ryk sem útiloka notkun reykskynjara vegna hættu á falskri viðvörðun.

### **Virkni**

**SS-163** – gefur frá sér viðvörðun þegar hitamörk eru 60°C (+/- 5°C).

**SS-163R** vælir þegar hitinn sem umlykur skynjarann hækkar um 15°C – 20°C eða hærra á einni mínútu.

Þegar skynjarar hafa verið staðsettir, blikkar lítið gaumljós (LED) sem er undir prufuhnappnum, u.þ.b.. á mínútu fresti við venjulega vinnslu. Ef reykur er skynjaður mun skynjarinn senda frá sér hátt sveiflutiðna hljóð þar til loftið er orðið hreint.



## **Þráðlaus sendibúnaður Tegund: SB-2008**

### **Þráðlaus samtenging**

Þetta er valmöguleiki. Með því að nota RF sökkul SB-2008V, SS-163 / SS-163R geta þeir verið samtengjanlegir við Garvan reyk- og hitaskynjara. (SS-166, SS-168, SS-163 & SS-163R). Þessir möguleikar á þráðlausri samtengingu leyfa allt að 20 skynjurum að vinna saman og þar með fara allir skynjararnir af stað þegar einn skynjari sem nemur reyk gefur frá sér viðvörðun.

Samtengjanlegir skynjarar koma í veg fyrir vandamál með vírun og bjóða einnig upp á meiri fjarlægð frá hverjum öðrum miðað við víraða samtengingu.

### **Virkni sökkuls**

**SB-2008 RF** sökkull fyrir reyk- og hitaskynjara verður virkur þegar rafhlaða er réttilega ísett. Þegar brunaagnir eru skynjaðar mun gaumljós blikka mjög hratt og skynjarinn gefur frá sér hátt sveiflutiðna hljóð sem stoppar ekki fyrr en loftið er orðið hreint. Hann sendir einnig merki til RF sökkul SB-2008V sem um leið sendir RF merki til hinna sökkulana innan seilingar. Þegar allir SB-2008V sökkular hafa móttengið merkið setja þeir af stað alla skynjarana. Skynjarar munu allir væla samtímis en gaumljós mun ekki blikka. Hljóðmerkin þagna eftir 7-8 sek. Eftir 40 sekúndur, ef fyrsti skynjari vælir enn þá munu allir hinir fara í gang aftur (í 7-8 sekúndur).